


# Kárahnjúkavirkjun

Fallryksmælingar á Brúaröræfum,  
við Hálslón og á Fljótsdalshéraði  
sumarið 2008



Landsvirkjun

Janúar 2009

Skýrsla LV nr: LV-2009/003

Dags: janúar 2009

Fjöldi síðna: 14    Upplag: 20    Dreifing:  Opin     Takmörkuð til

Titill: Kárahnjúkavirkjun. Fallryksmælingar á Brúaröræfum, við Háslón og á Fljótsdalshéraði sumarið 2008

Höfundar /  
fyrirtæki: Gerður Guðmundsdóttir / Náttúrustofa Austurlands

Verkefnisstjóri: Hákon Aðalsteinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun


Samvinnuaðilar: \_\_\_\_\_

Útdráttur: Tilgangur mælinga á fallryki er að meta áhrif Háslóns á rykmistur sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls til norðausturs yfir Jökuldal og Fljótsdalshérað.  
Sumarið 2008 voru fallryksmælar gerðir virkir um miðjan júní og var fallryk mælt fram í miðjan október við Háslón og í byggð en fram í miðjan september á Brúaröræfum.  
Niðurstöður mælinga sumarið 2008 sýna að fallryk mældist í flestum tilvikum lítið. Við Háslón og á Brúaröræfum mældist fallryk alltaf lítið á öllum tímabilum en í byggð mældist það tvisvar yfir loftgæðamörkum fyrir fallryk úr andrúmslofti. Í báðum tilvikum má skýra hágildi með staðbundnum uppruna.  
Þetta er fjórða sumarið sem fallryksmælingar fara fram og fyrsta sumarið eftir að Háslón fylltist af vatni.  
Þessi skýrsla fjallar um fallryksmælingar sumarið 2008 og er fjórða skýrslan sem kemur út vegna fallryksmælinga.

Lykilorð: Fallryk, mistur, Brúaröræfi,  
Fljótsdalshérað, Háslón, Kárahnjúkavirkjun,


ISBN nr: \_\_\_\_\_

ISSN nr: \_\_\_\_\_



## Kárahnjúkavirkjun

Fallryksmælingar á Brúaröræfum, við Háslón  
og á Fljótsdalshéraði sumarið 2008



Gerður Guðmundsdóttir

Unnið fyrir Landsvirkjun

## EFNISYFIRLIT

1. Inngangur.....	1
2. Aðferðir .....	2
2.1 Mælistaðir.....	2
2.2 Mælar .....	3
2.3 Mælingar 2008 .....	3
2.4 Úrvinnsla gagna .....	4
3. Niðurstöður mælinga 2008 .....	6
4. Umræða.....	8
4.1 Veðurfar sumarið 2008 .....	8
4.2 Fallryk sumarið 2008 .....	8
4.3 Samanburður milli ára.....	10
5. Heimildir.....	14

VIÐAUKI I - Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaði

VIÐAUKI II - Fallryksmælingar 2008

VIÐAUKI III - Skráning umsjónarmanns 2008

VIÐAUKI IV – Vindhraði, hiti og úrkoma á nokkrum veðurathugunarstöðvum á austurlandi sumarið 2008

VIÐAUKI V- Vindátt og vindhraði á veðurathugunarstöðinni á Egilsstaðaflugvelli 5. júlí 2008

VIÐAUKI VI - Vindátt og vindhraði á veðurathugunarstöðvunum á Egilsstaðaflugvelli, í Bjarnarey, á Möðrudal og á Kárahnjúkum, 16. til 19. september 2008

VIÐAUKI VII – Vindátt og vindhraði á veðurathugunarstöðvunum á Möðrudal, á Brúaröræfum, á Kárahnjúkum og á Brú, 22.júlí 2008

## 1. INNGANGUR

Jarðefnafok frá heiðum og öræfum á austanverðu landinu getur leitt til myndunar rykmisturs í lofti yfir Fljótsdalshéraði og nær það oft jafnvel til fjarða. Þetta gerist helst þegar þurr er í veðri og sterkir vindar blása og er þá um að ræða vinda úr suðvestri, vestri eða norðvestri.


Vitað er að upptök rykmisturs eru á áreyrum Jökulsár á Fjöllum og á fleiri stöðum á norðaustur hálendinu. Talið er að rykmistur frá bökkum Háslóns muni verða meðal þess sem Kárahnjúkavirkjun kann að hafa í för með sér og er talin ástæða til þess að fylgjast með því. Ekki er auðvelt að greina á milli rykmisturs sem kemur frá Háslóni og ryks frá öðrum svæðum m.a. frá eyrum Jökulsár á Fjöllum. Tilgangur þessara mælinga á fallryki er að meta áhrif Háslóns á rykmistur sem berst frá hálendinu norðan Vatnajökuls til norðausturs yfir Jökuldal og Fljótsdalshérað. Þetta er gert með því að bera saman magn loftboriðs ryks (fallryks) við Háslón, á Brúaröræfum og í byggð fyrir og eftir tilkomu miðlunarlónsins. Nánari lýsingu á forsendum þess að ákveðið var að framkvæma fallryksmælingar er að finna í skýrslunni Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar við Háslón og í byggð, mælingar sumarið 2005 (Ingvar Björnsson 2006).

Í þessu verkefni sér Landsvirkjun um fallryksmæla og ryksýnatöku. Matís ohf í Neskaupstað sér um mælingar á magni fallryks í sýnum og afhendir niðurstöðurnar til Náttúrustofu Austurlands sem tekur þær saman og skilar árlega í skýrslu til Landsvirkjunar, þar sem niðurstöður fallryksmælinga eru bornar saman við eldri athuganir.

Í þessari skýrslu birtast niðurstöður mælinga á fallryki sumarið 2008, sem er fyrsta sumarið eftir að Háslón fylltist af vatni, og samanburður við eldri mælingar.

## 2. AÐFERÐIR

Reiknilíkan hefur verið notað til að reikna dreifingu ryks frá Háslóni í hvasaviðrum. Það gefur til kynna að fok úr lónstæðinu leiti í meginatriðum norður Jökuldal og dreifist til beggja hliða eftir því sem norðar dregur, þó frekar til austurs. Fallryk verður eðlilega mest næst lóninu en minnkar verulega þegar kemur út á Ytri-Jökuldal (Snorri Páll Kjarran og Hjalti Sigurjónsson 2004).



Mynd 1. Mælistaðir fallryks


Þeirra er aðeins hægt að komast á yfir hásumarið (Mynd 1). Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaðina er að finna í viðauka I.

### 2.1 Mælistaðir

Mælistaðir voru valdir með hliðsjón af niðurstöðum reiknilíkansins, aðgengi að viðkomandi stöðum, að lítil hætta væri á ágangi frá skepnum, og að þeir væru utan svæða þar sem væri jarðrask eða önnur starfsemi sem hefði rykmyndun í för með sér (Ingvar Björnsson 2006). Sumarið 2008 voru sömu 14 mælistaðir notaðir eins og gert var 2 árin næst á undan. Sumarið 2005 þegar rannsóknir hófust voru settir upp 12 mælar en 2 var bætt við sumarið 2006. Af þessum 14 mælum eru fimm mælar á Fljótsdalshéraði (í byggð), sex mælar á Háslónssvæði, þrjár austan og þrjár vestan Háslóns og þrjár mælar á Brúaröræfum, en þeir mælar gefa hugmynd um ákomu ryks frá svæðum lengra vestur frá Háslóni. Misjafnt aðgengi er að þessum stöðum og suma

## 2.2 Mælar

Fallryksmælar til söfnunar á ryksýnum eru samkvæmt norskum staðli NS 4852 og frágangur mæla og söfnun sýna er einnig samkvæmt honum. Söfnunarílát eru úr plasti, sívöl 200 mm í þvermál og 400 mm há. Í þau eru settir 500 ml af 5% 2-methoxyethanoli og þeim komið fyrir í grind á stöng, þannig að efri brún ílátsins er 2 m yfir þeim stað þar sem mælirinn er settur (Mynd 2) (Ingvar Björnsson 2006).



Mynd 2. a) söfnunarílát úr plasti,

b) Söfnunarílát í grind,

c) Fallryksmælir

Skipt er um ílát á um 30 daga fresti og þurrefni sýnanna vigtuð hjá Matís ohf í Neskaupstað. Við skipti á íláti er skráð dagsetning og hvort einhverjar sérstakar aðstæður geti haft áhrif á niðurstöður mælinga. Umsjónarmaður með mælunum lýsir veðurfari um söfnunartímamann hvert sinn. Nánari lýsingu á fallryksmælum og aðferð við sýnatöku og vigtun er að finna í NS 4852 (Norges Standardiseringsforbund (NFS) 1981)

## 2.3 Mælingar 2008


Sumarið 2008 voru 14 virkir söfnunarstaðir eins og tvö síðastliðin sumur. Allir fallryksmælar voru gerðir virkir um miðjan júní og var fallryk mælt fram í miðjan október í byggð og á Háslónssvæði en fram í miðjan september á Brúaröræfum. Á Brúaröræfum verður yfirleitt ófært á mælistaði á tímabilinu sept/okt og því er mælingum þar hætt um miðjan september. Skipt var um söfnunarílát á um 30 daga fresti og voru mörk mælitímabila sem næst miðjum mánuði (30 daga fresti  $\pm$  2 dagar).

Á Fljótsdalshéraði voru söfnunarílát sett upp 12. júní (mælar 1 til 5) og tekin niður 14. október. Mælt var í 4 mánuði, þ.e. 4 sýni fengust af hverjum mælistað. Skipt var um söfnunarílát um miðjan hvers mánaðar (Mynd 3).



Mynd 3. Fallryksmælir við Hvanná II á Jökuldal (Ljósm. GG).

Á Háslónssvæði voru söfnunarlát sett upp 14. júní (mælar 6 til 11) og tekin niður 13. október. Mælt var í 4 mánuði, þ.e. 4 sýni fengust af hverjum mælistað. Skipt var um söfnunarlát um miðjan hvers mánaðar (Mynd 4 og Mynd 5).



**Mynd 4.** Fallryksmælir á Lindasvæði, Vesturöræfum (Ljósm. RÞ).



**Mynd 5.** Fallryksmælir í Saudárdal á Brúardölum (Ljósm. RÞ).



**Mynd 6.** Fallryksmælir í Fagradal á Brúardölum (Ljósm. RÞ)

Á Brúaröræfum voru söfnunarlát sett upp 14. júní (mælar 12 til 14) og tekin niður 13. september. Mælt var í 3 mánuði, þ.e. 3 sýni fengust af hverjum mælistað. Skipt var um söfnunarlát um miðjan hvers mánaðar (Mynd 6).

## 2.4 Úrvinnsla gagna

Samkvæmt reglugerð nr. 817/ 2002 um loftgæðamörk fyrir fallryk úr andrúmslofti er miðað við að styrkur fallryks sem ekki er vatnsleysanlegt skuli ekki vera yfir  $10 \text{ g/m}^2$  miðað við mánaðar söfnunartíma. Skilgreining á fallryki er ryk sem sest sjálfkrafa á rakt yfirborð (Reglugerð nr. 817/2002).

Í skýrslu Hollustuverndar ríkisins frá 1985 um fallryksmælingar á Höfn í Hornafirði eru ennfremur sett fram viðmið þar sem fallryk milli  $5 \text{ og } 10 \text{ g/m}^2$  á 30 daga tímabili er talið í lagi en ef fallryk er minna en  $5 \text{ g/m}^2$  eru loftgæði í góðu lagi (Tafla1) (Sigurbjörg Gísladóttir 1985).

Tafla 1. Loftgæðamörk fyrir fallryk miðað við mánaðar söfnunartíma

Ástand	Magn
Gott í lagi	$< 5 \text{ g/m}^2$
Óviðunandi	$5\text{-}10 \text{ g/m}^2$
	$> 10 \text{ g/m}^2$



Niðurstöður mælinga sumarið 2008 frá öllum mælistöðum og tímabilum eru metin út frá viðmiðunarmörkum sem sýnd eru í töflu 1. Til að áætla magn fallryks á fermetra var notuð jafnan:

$$m_A = m_1 * \frac{10^4}{A} * \frac{30}{T}$$

Þar sem

$m_A$  er fallryk, sem ekki er vatnsleysanlegt, í g/m<sup>2</sup> yfir 30 daga

$m_1$  er fallryk í söfnunaríláti í g

A er flatarmál söfnunaríláts í cm<sup>2</sup>

T er mælitíminn í sólarhringum


(NS 4852, Norges Standardiseringsforbund (NFS) 1981).

Aflað var veðurfarsgagna frá sjálfvirkum veðurstöðvum Landsvirkjunar við Kárahnjúka og á Eyjabökkum, stöðvum Veðurstofunnar á Hallormsstað, Egilsstaðaflugvelli, í Möðrudal og Brú á Jökuldal, sjálfvirkri veðurstöð Siglingamálastofnunar í Bjarnarey og sjálfvirkri veðurstöð Landsvirkjunar á Brúaröræfum (Viðauki IV). Stuðst er við upplýsingar um vind, hitastig og úrkomu þar sem það eru þættir sem geta haft áhrif á magn ryks (ekki var hægt að fá úrkomu frá öllum stöðvum). Þar sem gildi fallryksmælinga voru óvenju há var leitað skýringa í veðurfarsgögnum (Viðauki V og VI). Einnig er stuðst við almenn veðurfarsgögn sem finna má á vef Veðurstofu Íslands: <http://www.vedur.is/vedur/>.

### 3. NIÐURSTÖÐUR MÆLINGA 2008


Sumarið 2008 var ákoma ryks í byggð á Fljótsdalshéraði yfirleitt lítil á öllum stöðum og tímabilum sé miðað við loftgæðamörk fallryks og mældist oftast undir  $5 \text{ g/m}^2$  en á því voru þó undantekningar. Í Mýnesi mældist fallryk mikið á tímabilinu júní/júlí eða rúm  $26 \text{ g/m}^2$  sem er langt yfir viðunandi loftgæðamörkum fyrir fallryk. Í Hólmatungu mældist fallryk í eitt skipti einnig yfir viðunandi mörkum, rúm  $15 \text{ g/m}^2$  það var á tímabilinu september/október (Tafla 1, bls.4 og Mynd 7).

Á Strönd mældist fallryk rétt undir  $5 \text{ g/m}^2$  á tímabilinu júlí/ágúst en á öðrum tímabilum undir  $1 \text{ g/m}^2$ . Í Mýnesi mældist fallryk mjög hátt á tímabilinu júní/júlí eða  $26 \text{ g/m}^2$  en á öðrum tímabilum undir  $2 \text{ g/m}^2$ . Í Hólmatungu mældist fallryk undir  $1,3 \text{ g/m}^2$  á öllum tímabilum nema á tímabilinu sept/okt en þá mældist það mjög hátt eða rúm  $15 \text{ g/m}^2$ . Á Hvanná mældist fallryk tæp  $4 \text{ g/m}^2$  á tímabilinu júní/júlí en var á öðrum tímabilum undir  $1,3 \text{ g/m}^2$ . Á Brú mældist fallryk um  $3 \text{ g/m}^2$  á tímabilinu september/október en var á öðrum tímabilum lægra (Mynd 7).




Mynd 7. Fallryk ( $\text{g/m}^2$ ) á mælistöðum í byggð á Fljótsdalshéraði sumarið 2008

Á Háslónssvæði mældist fallryk lítið á öllum mælistöðum og á öllum tímabilum sumarið 2008 sé miðað við loftgæðamörk fallryks (Tafla 1, bls.4) og alltaf undir  $1,5 \text{ g/m}^2$ . Í Lindum, við Kofaöldu, á Búrfellstöglum og vestan Sauðárdals mældist fallryk á öllum tímabilum undir  $1 \text{ g/m}^2$ . Í Sauðárdal 1 mældist mest fallryk á tímabilinu júlí/ágúst, um  $1,4 \text{ g/m}^2$  og var það mesta fallryk sem mældist á þessu svæði. Í Sauðárdal 2 mældist fallryk rúmlega  $1 \text{ g/m}^2$  á tímabilinu júlí/ágúst en var á öðrum tímabilum lægra (Mynd 8, bls 7).



Mynd 8. Fallryk ( $\text{g}/\text{m}^2$ ) á mælistöðum á Háslónasvæðinu sumarið 2008

Á Brúaröræfum mældist fallryk lítið á öllum mælistöðum sumarið 2008 og var alltaf innan við  $1,5 \text{ g}/\text{m}^2$ . Við Breiðastykki mældist það um  $1,2 \text{ g}/\text{m}^2$  á tímabilinu júlí/ágúst en var annars undir  $1 \text{ g}/\text{m}^2$ . Í Arnardal mældist fallryk tæplega  $1,5 \text{ g}/\text{m}^2$  á tímabilinu júní/júlí en var annars undir  $1 \text{ g}/\text{m}^2$ . Í Fagradal mældist fallryk tæplega  $1,3 \text{ g}/\text{m}^2$  á tímabilinu júlí/ágúst en var annars undir  $1 \text{ g}/\text{m}^2$  (Mynd 9).



Mynd 9. Fallryk ( $\text{g}/\text{m}^2$ ) á mælistöðum á Brúaröræfum sumarið 2008

## 4. UMRÆÐA

### 4.1 Veðurfar sumarið 2008

Síðastliðinn vetur var snjóþyngri en undanfarnir 4-6 vetur, einkum til fjalla og voru leysingar hægar sem leiddi til þess að allmikill raki var í jörðu fram á sumar. Viða voru snjófannir meiri í brekkum og fjöllum en undanfarin ár, er mælingar hófust um miðjan júní (Viðauki III).

Veðurfar í maí og fram til um 12 júlí var fremur aðgerðalítið. Vindar voru yfirleitt hægir, nokkur úrkoma og hitastig ekki hátt. Seinnihluti júlí var þurr og nokkuð vindasamur, en þó aldrei verulega hvasst. Síðustu daga júlí og fram til um miðjan ágúst var fremur kyrrviðrasamt og úrkoma lítil. Frá miðjum ágúst og fram í miðjan september voru vindar einnig hægir en nokkur úrkoma.



**Mynd 10.** Horft yfir Háslón. Kverkfjöll í baksýn (Ljósm. HMJ).



**Mynd 11.** Við Háslón. Glögglega má sjá flóðfar eftir hæstu stöðu lónsins í Sandfellinu (Sandeynni) (Ljósm. HMJ).

Frá miðjum september og vikuna þar á eftir var þurrviðrasamt og hvasst með jarðefnafjúki, einkum frá 17. til 19. September. Eftir það var veður frekar votviðrasamt og endaði með snjó og frosti um miðjan október (Viðauki III og IV).

### 4.2 Fallryk sumarið 2008

Niðurstöður mælinga sumarið 2008 sýna að fallryk mældist í flestum tilvikum lítið og var langt innan þeirra viðmiða er teljast viðunandi. Á þessu voru þó tvær undantekningar, í Mýnesi á tímabilinu júní/júlí þar sem fallryk mældist um  $26 \text{ g/m}^2$  og í Hólmatungu á tímabilinu september/október þar sem fallryk mældist rúmlega  $15 \text{ g/m}^2$  (Mynd 7, bls. 6). Þessar tölur eru langt yfir viðunandi loftgæðamörkum fyrir fallryk (Tafla 1, bls. 4) og eru alveg á skjön við það sem mældist á öðrum stöðum á sama tíma og á öllum stöðum á öðrum tímum.

Niðurstöður mælinga sumarið 2008 sýna að fallryk mældist í flestum tilvikum lítið og var langt innan þeirra viðmiða er teljast viðunandi. Á þessu voru þó tvær

Þar sem mikið fallryk mældist í einstökum tilvikum, í Mýnesi á tímabilinu júní/júlí og í Hólmatungu á tímabilinu september/október var leitað mögulegra skýringa. Var það gert með því að skoða veðurfar á þessum tíma og hvort mögulegt jarðrask hafi verið í námunda við mælistaðina.


Athugasemd var gerð við fallrykssýnið frá Mýnesi er það kom til Matís til vigtnar en í því var mikið af fuglaskít og öðru rusli sem erfitt var að hreinsa alveg úr. Veðurfar á þessu tímabili var fremur aðgerðalítið, ekki mikill vindur og smá úrkoma (Viðauki IV). Efnistaka hófst að nýju á síðastliðnu sumri úr Mýnesgrús, sem eru námur í nágrenni mælistaðar. Aðkomuleið liggur skammt norðan mælistaðarins sem þýðir að í

þurru veðri og norðan golu getur borist ryk frá umferð bíla. Torfærukeppni var haldin 5. júlí í Mýnesgrús fyrir norðan mælistaðinn. Þennan dag var norðan vindur mestan hluta dags og úrkomulaust (Viðauki V). Sumarið 2007 mældist einnig mikið fallryk á þessum tíma á Mýnesi og var þá einnig torfærukeppni á svipuðum tíma auk undangenginna þurrka. Þar sem svo mikið fallryk mældist á því tímabili sem torfærukeppnin var verður það að teljast líkleg skýring á því að svo mikið fallryk mældist í Mýnesi á þessu tímabili. Ef efnistakan úr námunum væri aðal orsök, þá hefði mátt búast við að aukið fallryk hefði mælst á öðrum tímabilum líka, einkum júlí/ágúst þar sem það var mun þurrara tímabil.



**Mynd 12.** Fallryksmælir við Mýnes í Eiðahreppi (Ljós. GG).

Engar athugasemdir voru gerðar við fallrykssýnið frá Hólmatungu, fyrir tímabilið september/október. Ekkert jarðrask, plæging túna eða annað, var í námunda við mælistaðinn á þessum tíma (munnlegar upplýsingar Gunnþórunn Jónsdóttir). Ástæða þess að svo mikið fallryk mældist á þessu tímabili þar eru líklega veðurfarslegar.



**Mynd 13.** Fallryksmælir við Hólmatungu í Hlíðahreppi (Ljós. GG).

Víkuna eftir miðjan september var þurrviðrasamt og nokkuð hvasst með jarðefnafjúki, einkum dagana frá 17. til 19. september. Hvasviðrið byrjaði með vindátt frá suðsuðaustri en snérist síðan í sunnan og svo í vestlægari átt (Viðauki VI). Mælistaðurinn í Hólmatungu stendur við bakka Jökulsár á Dal og er líklegt að eitthvað jarðefnafjúk hafi komið í mælinn frá eyrum árinna meðan vindáttin var sunnanstæð, en einnig frá moldroki sem var á Héraði þann 18.

september. Umsjónarmaður fallryksmæla skráði í dagbók sína 18. september „Mikið moldrok á Héraði í vest-norðvestan roki“. Við slíkar aðstæður er aðaluppspretta moldroksins frá rofabörðum í Jökuldalsheiði. Ekki eru til mælingar frá Brúaröræfum frá þessu tímabili þar sem ófært verður yfirleitt á þá mælistaði á tímabilinu og því er mælingum hætt þar um miðjan september.

Á Strönd mældist fallryk tæplega  $5 \text{ g/m}^2$  á tímabilinu júlí/ágúst (Mynd 7, bls. 6). Þetta er vel undir loftgæðamörkum fyrir fallryk (Tafla 1, bls. 4) en þó aðeins meira en mældist annarsstaðar á þessu tímabili og meira en það mældist á Strönd á öðrum tímabilum. Engar athugasemdir voru gerðar við fallrykssýnið. Ekki er heldur vitað til að orðið hafi eitthvert jarðrask eða truflun á þessu svæði á tímabilinu (munnlegar upplýsingar Hreggviður M. Jónsson). Seinnipart júlí var þurrt og nokkur vindur og tuttugasta og annan júlí gekk sýnilegt moldrok yfir stóran hluta Héraðs, einkum ofanvert og er líklegt að það hafi átt upptök sín á Brúaröræfum og Jökuldalsheiði (Viðauki V og VII og munnlegar upplýsingar Hreggviður M. Jónsson). Það gæti skýrt það fallryk er kom í fallryksmælinn á Strönd en þó mældist ekki aukið fallryk á Brú á tímabilinu eins og hefði mátt ætla miðað við vindáttir.

Lítið fallryk mældist á Háslónssvæði og Brúaröræfum sumarið 2008 (Mynd 8 og Mynd 9, bls. 7). Vindar voru yfirleitt hægir þó á því hafi verið undantekningar. Dagana 17. til 19. september gekk hvassvirði yfir með jarðefnafjúki. Það byrjaði með vindi úr suðsuðaustri en snérist síðan í sunnan og svo meira yfir í vestlæga átt (Viðauki VI og <http://www.vedur.is/vedur/>). Þann 18. september þegar moldrok var á Héraði var eins og það lægi brún þoka yfir Héraðinu norðanverðu. Uppi á heiðum og við Kárahnjúka var bjart yfir, einnig var bjart í Skriðdal og á Fagradal, milli Egilsstaða og Reyðarfjarðar. Mælingar voru hættar á Brúaröræfum á þessum tíma vegna færðar og því ekkert hægt að segja um ákomu ryks þar á þessu tímabili. Í maí er lægst í Háslóni og í júní byrjar að hækka í því. Lónið fylltist um miðjan ágúst (<http://www.karahnjukur.is>) og því hefur það verið í hæstu stöðu á þessum tíma.

### 4.3 Samanburður milli ára

Sumarið 2008 er fjórða sumarið sem fallryk er mælt á hálendi og láglandi Fljótsdalshéraðs. Árin 2005 og 2006 var skipt um söfnunarílát um hver mánaðarmót en árin 2007 og 2008 var skipt um þau um miðjan hvers mánaðar. Tímanum sem mælingar standa yfir er skipt niður í tímabil eftir því hvenær skipt er um söfnunarílát í fallryksmælum, þ.e. fyrsta tímabil er að vori og það síðasta að hausti.

Fyrsta tímabil þ.e. júní (2005 og 2006) og maí/júní (2007) mældist fallryk alltaf undir loftgæðamörkum en í júní 2006 mælist það nokkuð hærra en önnur ár (Tafla 1, bls. 4 og Mynd 14, bls. 11). Má það líklega rekja til þess að júní 2006 var þurrviðrasamur auk þess sem vindur var nokkur. Júní 2007 var einnig þurrviðrasamur en þá var vindur yfirleitt hægari en í júní 2006 (Gerður Guðmundsdóttir 2008).


Á öðru tímabili sumars þ.e. júlí (2005 og 2006) og júní/júlí (2007 og 2008) mældist fallryk alltaf vel undir loftgæðamörkum nema árin 2007 og 2008 á Mýnesi. Árið 2008 mældist fallryk hátt yfir loftgæðamörkum og 2007 mældist það nokkuð hærra en annarsstaðar en var rétt undir loftgæðamörkum (Tafla 1, bls. 4 og Mynd 15, bls. 11). Á þessu tímabili bæði árin, 2007 og 2008, var haldin torfærukeppni í Mýnesgrús, malarnámum rétt norðan við mælistaðinn, og sumarið 2008 hófst á ný efnistaka úr námunum. Það ásamt því að það var norðanátt og þurrt þá daga er torfærukeppnin fór fram er líkleg skýring á því að það mældist svo mikið fallryk á þessu tímabili.

Á þriðja tímabili þ.e. ágúst (2005 og 2006) og júlí/ágúst (2007 og 2008) mældist fallryk alltaf vel undir loftgæðamörkum á öllum mælistöðum (Tafla 1, bls. 4 og Mynd 16, bls. 12).


Á fjórða tímabili þ.e. september (2005 og 2006) og ágúst/september (2007 og 2008) mældist fallryk alltaf vel undir loftgæðamörkum á öllum mælistöðum nema í Arnardal á Brúaröræfum árið 2007 þar sem það var rétt undir loftgæðamörkum (Tafla 1, bls. 4). Fallryk, á þessu tímabili sumarið 2007, mældist yfirleitt aðeins meira á öllum mælistöðum á Brúaröræfum og á Háslónssvæði heldur en á öðrum mælistöðvum (Mynd 17, bls. 12). Í byrjun september það ár voru hvassir vestan og norðvestan vindar og þá mæðir mest á mælistaðnum í Arnardal sem líklega skýrir það mikla fallryk sem mældist þar og er það líkleg ástæða þess að meira fallryk mældist á þessu svæði árið 2007 en önnur ár.

Á fimmta tímabili þ.e. október (2005 og 2006) og september/október (2007 og 2008) mældist fallryk vel undir loftgæðamörkum öll árin á öllum mælistöðvum nema árið 2008 í Hólmatungu þar sem það mældist yfir loftgæðamörkum (Tafla 1, bls. 4 og


Mynd 18, bls. 13). Ekkert jarðrask var í nágrenni við mælistaðinn og eru ástæður þess því líklega veðurfarslegar en eftir miðjan september var þurrviðrasamt og hvasst með jarðefnafjúki, fyrst úr suðri og síðan var vest-norðvestan moldrok.




Mynd 14. Fallryk (g/m<sup>2</sup>) á mælistöðvum í júní 2005, 2006 og maí/júní 2007



Mynd 15. Fallryk (g/m<sup>2</sup>) á mælistöðvum í júlí 2005, 2006 og júní/júlí 2007, 2008.




Mynd 16. Fallryk ( $\text{g/m}^2$ ) á mælistöðvum í ágúst 2005, 2006 og júlí/ágúst 2007, 2008.



Mynd 17. Fallryk ( $\text{g/m}^2$ ) á mælistöðvum í september 2005, 2006 og ágúst/september 2007, 2008.





Mynd 18. Fallryk ( $\text{g/m}^2$ ) á mælistöðvum í október 2005, 2006 og september/október 2007.

*Athugasemd:*

Í skýrslunni *Fallryksmælingar á Brúaröræfum, við Háslón og á Fljótsdalshéraði sumarið 2007* (Gerður Guðmundsdóttir 2008) er villa á mynd 11e. Þar eru súlur fyrir mælistöðvarnar á Háslónasvæði og á Brúaröræfum í október 2006 sem eiga ekki að vera, því mælingum var hætt þar eftir septembermánuð.

Mælingar á ákomu fallryks hafa nú staðið yfir í 4 ár og er þetta fyrsta sumarið eftir að mælingar hófust þar sem mögulegra áhrifa frá Háslóni ætti að geta gætt. Þar sem eitthvað af fallryki hefur mælst er hægt að tengja það staðbundnu veðurfari eða jarðraski. Ágætis grunnur af ákomu ryks er til fyrir tilkomu Háslóns þar sem hafa bæði verið þurrviðra- og votviðratímabil og í þurrum veðrum hefur verið hvasst af suðri, suðvestri, norðvestri og vestri. Sumarið 2008 voru vindar yfirleitt hægir og afar sjaldan af þeim áttum sem helst er von fokryks. Undantekning er hvassviðrið sem kom eftir miðjan september (munnlegar upplýsingar Hreggviður M. Jónsson). Á Háslónssvæðinu mældist fallryk lítið á öllum tímabilum 2008 sem gefur til kynna að ekki hafi verið nein rykáhrif þaðan. Áframhaldandi mælinga á ákomu fallryks er þörf til að fá mat á ákomu ryks eftir tilkomu Háslóns.

## 5. HEIMILDIR

Gerður Guðmundsdóttir 2008. *Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar við Háslón og í byggð, Sumarið 2007*. Landsvirkjun LV 2008/059

Ingvar Björnsson 2006. *Kárahnjúkavirkjun, Fallryksmælingar við Háslón og í byggð, Sumarið 2005*. Landsvirkjun LV 2006/002

NS 4852 1981. *Luftundersøkelser, Uteluft. Måling af støvnedfald, Støvsamler med horisontal samleplate, 2. utg.* Norges Standardiseringsforbund (NFS).

Sigurbjörg Gísladóttir 1985. *Fallryksmælingar á Höfn í Hornafirði, desember 1984 - maí 1985*. Reykjavík, Hollustuvernd ríkisins, 34 s.

Snorri Páll Kjarran og Hjalti Sigurjónsson 2004. *Dreifing ryks af bökkum Háslóns, Áfangaskýrsla III*. Verkfræðistofan Vatnaskil unnið fyrir Landsvirkjun LV-2004/84

Veðurstofa Íslands. Upplýsingar um hita, vindhraða, vindátt og úrkomu á nokkrum veðurstöðvum á austurlandi sumarið 2008, sent með tölvupósti, október 2008.

### Upplýsingar af vefnum:

<http://www.reglugerd.is/>. Reglugerð um mörk fyrir fallryk úr andrúmslofti. nr. 817/2002 (skoðað nóvember 2008).

<http://www.vedur.is/vedur/>

<http://www.karahnjukar.is>

### Munnlegar upplýsingar:

Hreggviður M. Jónsson  
Gunnþórunn Jónsdóttir, Hólmatungu

# Viðauki I

Hnitaskrá (GPS) fyrir mælistaði

## VIÐAUKI I

Hnitskrá (GPS) fyrir mælistaðina er í eftirfarandi töflu

<b>Mælistaðir á Fjóttsdalshéraði:</b>	A	B	Lat	Lon
Stöð01 Strönd Vallahreppi	65.09.898	14.36.339	65.16496667	-14.60565000
Stöð02 Mýnes Eiðahreppi	65.18.212	14.22.511	65.30353333	-14.37518333
Stöð03 Hólmátunga Hlíðarh	65.38.969	14.21.184	65.64948333	-14.35306667
Stöð04 Hvanná 2 Jökuldal	65.21.895	14.49.924	65.36491667	-14.83206667
Stöð05 Brú á Jökuldal	65.06.513	15.31.777	65.10855000	-15.52961667
<b>Mælistaðir við Háslón:</b>				
Stöð06 Lindur	64.53.900	15.48.254	64.89833333	-15.80423333
Stöð07 Kofaalda	64.50.876	15.49.330	64.84793333	-15.82216667
Stöð08 Sauðárdalur	64.56.010	15.53.338	64.93350000	-15.88896667
Stöð09 Vestan Sauðárdals	64.54.232	15.57.108	64.90386667	-15.95180000
Stöð10 Á Búrfellstöglum	64.55.482	15.43.620	64.92470000	-15.72700000
Stöð11 Sauðárdalur	64.54.941	15.55.278	64.91568333	-15.92130000
<b>Mælist. á Brúaröræfum</b>				
Stöð12 Breiðastykki	65.08.817	15.45.174	65.14695000	-15.75290000
Stöð13 Arnardalur	65.06.132	16.05.919		
Stöð14 Fagridalur	64.56.016	16.01.595		

## **Viðauki II**

Fallryksmælingar 2008

**Kárahnjúkavirkjun**  
**Fallryksmælingar 2008**  
 Fallryk í grömmum á tilteknu tímabili

**Fljótshérað (mælistaðir í byggð)**

Ár 2008		Stöð Nr.1	Stöð Nr. 2	Stöð Nr. 3	Stöð Nr. 4	Stöð Nr. 5
Tímabil	Dagar	Strönd gr.	Mýnes gr.	Hólmatu. gr.	Hvanná gr.	Brú gr.
12/6 - 12/7	30	0.0086	0.8174	0.0076	0.1176	0.0194
12/7 - 12/8	31	0.1564	0.0581	0.0404	0.0258	0.0532
12/8 - 13/9	32	0.0125	0.0242	0.012	0.0165	0.0485
14/9 - 13/10	29	0.0219	0.0532	0.4674	0.0387	0.0928

**Háslónssvæði**

Austan Háslóns

Vestan Háslóns

Ár 2008		Stöð Nr. 6	Stöð Nr. 7	St. Nr. 10	Stöð Nr. 8	Stöð Nr. 9	Sr. Nr. 11
Tímabil	Dagar	Lindur gr.	Kofalda gr.	Búrf.tögl gr.	Sauðárd. gr.	VeSárd. gr.	Sauðárd. gr.
14/6 - 13/7	29	0.018	0.0253	0.0168	0.0147	0.0226	0.0181
13/7 - 13/8	31	0.02	0.0075	0.0099	0.0439	0.0275	0.0338
13/8 - 14/9	32	0.0149	0.0134	0.0145	0.0206	0.0178	0.0122
14/9 - 13/10	29	0.0176	0.0182	0.0221	0.038	0.0234	0.0201

**Brúaröræfi**

Ár 2007		St. Nr. 12	St. Nr. 13	St. Nr. 14
Tímabil	Dagar	Breiðastk. gr.	Arnard. gr.	Fagrid. gr.
14/6 - 13/7	29	0.027	0.0451	0.0177
13/7 - 13/8	31	0.0393	0.0228	0.0418
13/8 - 14/9	32	0.0129	0.0191	0.0101

## **Viðauki III**

Skráning umsjónarmanns 2008

**Viðauki III**

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun  
Mistur frá Hálsóni  
Fallryksmælar

2008  
Strönd Vallahreppi Fljótsdalshéraði.

**Áfok 1**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing
<b>NR. 1</b>	N: 65° 09,898' V: 014° 36,339'	500-1000 m innan við bæinn Strönd á Völlum. Par á grasi grónum Fljótsbakkannum.

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtnun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	2008-06-12		Hægviðri, skýjað en úrkomulaust og frekar hlýtt. Veðurfar í vor (Maí-Júni) hefur verið mjög fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu. Sl vetur var, einkum til fjalla mun snjóþyngri en aðrir undanfarin 4-6 ár. Leysingar voru fremur hæggar á nýliðnu vori. Jörð er því allblaut enn (12 Júní) og víða snjófannir með meira móti í brökkum og fjöllum.			
<b>Sýni 1</b>	2008-06-12	2008-07-12	Veðurfar þessa tímabils hefur verið mjög aðgerðarlaust. Vindar hafa verið mjög hægir. Úrkomur í nokkrum mæli og hitastig ekki hátt. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið afar lítil.	2008-07-14	0,0086	2008-02443
<b>Sýni 2</b>	2008-07-12	2008-08-12	Veðurfar frá 12 til 26 júlí hefur reynst mjög þurrkasamt og oftast vindur með, þó aldrei með miklum styrk. 25 og 26 júlí fór umsjónarmaður í eftirlitsferð á alla söfnunarstaðina. Vökvi reyndist hafa gúfað upp að fullu úr öllum boxunum 14. Umsjónarmaður lét því skammt af nýjum vökva í öll boxin. Frá 26/7 til 12/8 var veðurfar að mestu án vinda og úrkomu. Vökvi í boxum nánast allstaðar gúfaður upp að nýju.	2008-08-14	0,1564	2008-02965
<b>Sýni 3</b>	2008-08-12	2008-09-13	Með smá undantekningum á fyrri helmingi tímabilsins, má segja að veðurlag hafi verið með þeim hætti að ekki fór mikið fyrir rykmengun í lofti. Vindar hægir, loft fremur hlýtt og oft með raka, (mismiklum) einkum á seinni hluta tímabilsins.	2008-09-15	0,0125	2008-03299
<b>Sýni 4</b>	2008-09-14	2008-10-14	Veðurfar þessa tímabils bauð ekki upp á skilyrði til Fallryksöfnunar. Vika 38 var þó þurrviðrasóm, með hvassviðri og jarðefnafljúki, einkum 17 til 20 sept. Að öðru leyti var veður frekar votviðrasamt þetta tímabil og endaði í snjó og frosti.	2008-10-15	0,0219	2008-03704
			Mælingu 2008 hætt 14-10			

Annað

Til tryggingar m/v árstíma lét umsjónarmaður einn og hálfan skammt af vatni og efni í söfnunarboxin.

Vökvi uppgúfaður.

Um miðbik tímabils bætt á 1/1 skammti vökva. Sá fyrri var uppgúfaður.



**Viðauki III**

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

ahnjúkavirkjun  
túr frá Hálslóni  
allryksmælar

2008  
Mýnes Eibahreppi Fljótsdalshéraði.

**Áfok 2**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing
NR. 2	N: 65° 18,212' V: 014° 22,511'	Í landi Mýness (SV við tún við bæinn) V megin vegar sem liggur frá Eibavegi að sumarbústað og niður að Fljóti. Land er nokkuð jafnt og gróð.

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	2008-06-12		Hægviðri, skýjað en úrkomulaust og frekar hlýtt. Veðurfar í vor (Maí-Júni) hefur verið mjög fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu. Sl vetur var, einkum til fjalla mun snjóþyngri en aðrir undanfarin 4-6 ár. Leysingar voru fremur hæggar á nýliðnu vori. Jörð er því allblaut enn (12.Júni) og víða snjófannir með meira móti í brekkum og fjöllum.			
Sýni 1	2008-06-12	2008-07-12	Veðurfar þessa tímabils hefur verið mjög aðgerðarlaust. Vindar hafa verið mjög hægir. Úrkomur í nokkrum mæli og hitastig ekki hátt. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið afar lítil.	2008-07-14	0,8174	2008-02444
Sýni 2	2008-07-12	2008-08-12	Veðurfar frá 12 til 26 júlí hefur reynst mjög þurrkasamt og oftast vindur með þó aldrei með miklum styrk. 25 og 26 júlí fór umsjónarmaður í eftirlitsferð á alla söfnunarstaðina. Vökvi reyndist hafa gúfað upp að fullu úr öllum boxunum 14. Umsjónarmaður lét því fullan skammt af nýjum vökva í öll boxin. Frá 26/7 til 12/8 var veðurfar að mestu án vinda og úrkomu. Vökvi í boxum nánast allstaðar gúfaður upp að nýju.	2008-08-14	0,0581	2008-02966
Sýni 3	2008-08-12	2008-09-13	Með smá undantekningum á fyrri helmingi tímabilsins, má segja að veðurlag hafi verið með þeim hætti að ekki fór mikið fyrir rykmengun í lofti. Vindar hægir, loft fremur hlýtt og oft með raka, (mismiklum) einkum á seinni hluta tímabilsins.	2008-09-15	0,0242	2008-03300
Sýni 4	2008-09-14	2008-10-14	Veðurfar þessa tímabils bauð ekki upp á skilyrði til Fallryks söfnunar. Vika 38 var þó þurrviðrasóm, með hvassviðri og jarðefnafjúki, einkum 17 til 20 sept. Að öðru leyti var veður frekar votviðrasamt þetta tímabil og endaði í snjó og frosti.	2008-10-15	0,0532	2008-03705
			Mælingu 2008 hætt 14-10			

Annað  
  
Til tryggingar m/v árstíma lét umsjónarmaður einn og hálfan skammt af vatni og efni í söfnunarboxin. Vökvi til staðar, en mikið af flugum, fugladriti og jarðefnum.  
  
Um miðbik tímabils bætt á 1/1 skammti vökva. Sá fyrri var uppgúfaður.

**Viðauki III**

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

Kárahnjúkavirkjun  
Mistur frá Hálslóni  
Fallryksmælar

2008  
Hólmátunga í Hlíðarhreppi á Fljótsdalshéraði

**Áfok 3**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing
NR. 3	N: 65° 38,969' V: 014° 21,184	Staðsettur 8-900 m SV bæjar að Hólmátungu í Hlíðarhr, N Hér. Stendur í S horni á túni á bakka Jökulsár. Farvegur Jöklu er sandur en nánasta umhverfi annars slétt og vel gróð.

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	2008-06-12		Hægviðri, skýjað en úrkomulaust og frekar hlýtt. Veðurfar í vor (Maí-Júni) hefur verið mjög fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu. Sl vetur var, einkum til fjalla mun snjóþyngri en aðrir undanfarin 4-6 ár. Leysingar voru fremur hæggar á nýliðnu vori. Jörð er því allblaut enn (12 Júní) og víða snjófannir með meira móti í brekkum og fjöllum.			
Sýni 1	2008-06-12	2008-07-12	Veðurfar þessa tímabils hefur verið mjög aðgerðarlaust. Vindar hafa verið mjög hægir. Úrkomur í nokkrum mæli og hitastig ekki hátt. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið afar lítil.	2008-07-14	0,0076	2008-02445
Sýni 2	2008-07-12	2008-08-12	Veðurfar frá 12 til 26 júlí hefur reynst mjög þurrkasamt og oftast vindur með, þó aldrei með miklum styrk. 25 og 26 júlí fór umsjónarmaður í eftirlitsferð á alla söfnunarstaðina. Vökvi reyndist hafa gúfað upp að fullu úr öllum boxunum 14. Umsjónarmaður lét því fullan skammt af nýjum vökva í öll boxin. Frá 26/7 til 12/8 var veðurfar að mestu án vinda og úrkomu. Vökvi í boxum nánast allstaðar gúfaður upp að nýju.	2008-08-14	0,0404	2008-02967
Sýni 3	2008-08-12	2008-09-13	Með smá undantekningum á fyrri helmingi tímabilsins, má segja að veðurlag hafi verið með þeim hætti að ekki fór mikið fyrir rykmengun í lofti. Vindar hægir, loft fremur hlýtt og oft með raka, (mismiklum) einkum á seinni hluta tímabilsins.	2008-09-15	0,0120	2008-03301
Sýni 4	2008-09-13	2008-10-14	Veðurfar þessa tímabils bauð ekki upp á skilyrði til Fallryks söfnunar. Vika 38 var þó þurrviðrasóm, með hvassviðri og jarðefnafljúki, einkum 17 til 20 sept. Að öðru leyti var veður frekar votviðrasamt þetta tímabil og endaði í snjó og frosti.	2008-10-15	0,4674	2008-03706
			Mælingu 2008 hætt 14-10			

Annað

Til tryggingar m/v árstíma lét umsjónarmaður einn og hálfan skammt af vatni og efni í söfnunarboxin.

Vökvi í boxi+dauðar flugur.

Um miðbik tímabils bætt á 1/1 skammti vökva. Sá fyrri var uppgúfaður.

**Viðauki III**

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

rahnjúkavirkjun  
stur frá Hálslóni  
Fallryksmælar

2008  
Hvanná 2. Jökuldal Fljótshárhóli

**Áfok 4**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
<b>NR. 4</b>	N: 65° 21,895' V: 014° 49, 924	Staðsettur við Hvanná 2 á Jökuldal, 3-400 m SV við íbúðarhúsi í jaðri á túni. Land í næsta nágrenni er tiltölulega flatt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	
Uppsetn	2008-06-12		Hægviðri, skýjað en úrkomulaust og frekar hlýtt. Veðurfar í vor (Maí-Júní) hefur verið mjög fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu. Sl vetur var, einkum til fjalla mun snjóþyngri en aðrir undanfarin 4-6 ár. Leysingar voru fremur hæggar á nýliðnu vori. Jörð er því allblaut enn (12 Júní) og víða snjófannir með meira móti í brekkum og fjöllum.				Annað
<b>Sýni 1</b>	2008-06-12	2008-07-12	Veðurfar þessa tímabils hefur verið mjög aðgerðarlaust. Vindar hafa verið mjög hægir. Úrkomur í nokkrum mæli og hitastig ekki hátt. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið afar lítil.	2008-07-14	0,1176	2008-02446	Til tryggingar m/v árstíma lét umsjónarmaður einn og hálfan skammt af vatni og efni í söfnunarboxin.
<b>Sýni 2</b>	2008-07-12	2008-08-12	Veðurfar frá 12 til 26 júlí hefur reynst mjög þurrkasamt og oftast vindur með, þó aldrei með miklum styrk. 25 og 26 júlí fór umsjónarmaður í eftirlitsferð á alla söfnunarstaðina. Vökvi reyndist hafa gúfað upp að fullu úr öllum boxunum 14. Umsjónarmaður lét því fullan skammt af nýjum vökva í öll boxin. Frá 26/7 til 12/8 var veðurfar að mestu án vinda og úrkomu. Vökvi í boxum nánast allstaðar gúfaður upp að nýju.	2008-08-14	0,0258	2008-02968	Vökvi í boxi+dauðar flugur.
<b>Sýni 3</b>	2008-08-12	2008-09-13	Með smá undantekningum á fyrri helmingi tímabilsins, má segja að veðurlag hafi verið með þeim hætti að ekki fór mikið fyrir rykmengun í lofti. Vindar hægir, loft fremur hlýtt og oft með raka, (mismiklum) einkum á seinni hluta tímabilsins.	2008-09-15	0,0165	2008-03302	Um miðbik tímabils bætt á 1/1 skammti vökva. Sá fyrri var uppgúfaður.
<b>Sýni 4</b>	2008-09-13	2008-10-13	Veðurfar þessa tímabils bauð ekki upp á skilyrði til Fallryksöfnunar. Vika 38 var þó þurrviðrasóm, með hvassviðri og jarðefnafrjúki, einkum 17 til 20 sept. Að öðru leyti var veður frekar votviðrasamt þetta tímabil og endaði í snjó og frosti.	2008-10-15	0,0387	2008-03707	
			Mælingu 2008 hætt 13-10				

### Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

rahnjúkavirkjun  
stur frá Hálslóni  
fallryksmælur

2008  
Brú á Jökuldal Fjótisdalshéraði.

#### Áfok 5.

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 5	N: 65° 06,513 V: 015° 31, 777	Stöðsettur við hlið veðurathugunarstöðvar LV að Brú á Jökuldal. Næsta umhverfi er slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn	2008-06-12		Hægvíðri, skjáð en úrkomulaust og frekar hlýtt. Veðurfar í vor (Maí-Júni) hefur verið mjög fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu. Sl vetur var, einkum til fjalla mun snjóþyngri en aðrir undanfarin 4-6 ár. Leysingar voru fremur hæggar á nýliðnu vori. Jörð er því allblaut enn (12 Júní) og víða snjófannir með meira móti í brekkum og fjöllum.				Til tryggingar m/v árstíma lét umsjónarmaður einn og hálfan skammt af vatni og efni í söfnunarboxin.
Sýni 1	2008-06-12	2008-07-12	Veðurfar þessa tímabils hefur verið mjög aðgerðarlaust. Vindar hafa verið mjög hægir. Úrkomur í nokkrum mæli og hitastig ekki hátt. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið afar lítil.	2008-07-14	0,0194	2008-02447	Vökvi uppgufaður.
Sýni 2	2008-07-12	2008-08-12	Veðurfar frá 12 til 26 júlí hefur reynst mjög þurrkasamt og oftast vindur með, þó aldrei með miklum styrk. 25 og 26 júlí fór umsjónarmaður í eftirlitsferð á alla söfnunarstaðina. Vökvi reyndist hafa gufað upp að fullu úr öllum boxunum 14. Umsjónarmaður lét því fullan skammt af nýjum vökva í öll boxin. Frá 26/7 til 12/8 var veðurfar að mestu án vinda og úrkomu. Vökvi í boxum nánast allstaðar gufaður upp að nýju.	2008-08-14	0,0532	2008-02969	Um miðbik tímabils bætt á 1/1 skammti vökva. Sá fyrri var uppgufaður.
Sýni 3	2008-08-12	2008-09-14	Með smá undantekningum á fyrri helmingi tímabilsins, má segja að veðurlag hafi verið með þeim hætti að ekki fór mikið fyrir rykmengun í lofti. Vindar hægir, loft fremur hlýtt og oft með raka, (mismiklum) einkum á seinni hluta tímabilsins.	2008-09-15	0,0485	2008-03303	
Sýni 4	2008-09-14	2008-10-13	Veðurfar þessa tímabils bauð ekki upp á skilyrði til Fallryks söfnunar. Vika 38 var þó þurrviðrasóm, með hvassvíðri og jarðefnaþjúki, einkum 17 til 20 sept. Að öðru leyti var veður frekar votviðrasamt þetta tímabil og endaði í snjó og frosti.	2008-10-15	0,0928	2008-03708	
			Mælingu 2008 hætt 13-10				

### Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

rahnjúkavirkjun  
stur frá Hálslóni  
fallryksmælur

2008  
Lindur, Vestur öræfum

#### Áfok 6

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
<b>NR. 6</b>	N: 64° 53, 900 V: 015° 48, 254	Staðs, innan rannsóknargirðingar RALA. Umhverfi er sléttur nokkuð vel gróinn melur.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No
Uppsetn	2008-06-14		Hægviðri, skýjað en úrkomulaust og frekar hlýtt. Veðurfar í vor (Maí-Júni) hefur verið mjög fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu. Sl vetur var, einkum til fjalla mun snjóþyngri en aðrir undanfarin 4-6 ár. Leysingar voru fremur hæggar á nýliðnu vori. Jörð er því allblaut enn (12 Júní) og víða snjófannir með meira móti í brekkum og fjöllum.			
<b>Sýni 1</b>	2008-06-14	2008-07-13	Veðurfar þessa tímabils hefur verið mjög aðgerðarlaust. Vindar hafa verið mjög hægir. Úrkomur í nokkrum mæli og hitastig ekki hátt. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið afar lítil.	2008-07-14	0,0180	2008-02448
<b>Sýni 2</b>	2008-07-13	2008-08-13	Veðurfar frá 12 til 26 júlí hefur reynt mjög þurrkasamt og oftast vindur með, þó aldrei með miklum styrk. 25 og 26 júlí fór umsjónarmaður í eftirlitsferð á alla söfnunarstaðina. Vökvi reyndist hafa gúfað upp að fullu úr öllum boxunum 14. Umsjónarmaður lét því fullan skammt af nýjum vökva í öll boxin. Frá 26/7 til 12/8 var veðurfar að mestu án vinda og úrkomu. Vökvi í boxum nánast allstaðar gúfaður upp að nýju.	2008-08-14	0,0200	2008-02970
<b>Sýni 3</b>	2008-08-13	2008-09-14	Með smá undantekningum á fyrri helmingi tímabilsins, má segja að veðurlag hafi verið með þeim hætti að ekki fór mikið fyrir rykmengun í lofti. Vindar hægir, loft fremur hlýtt og oft með raka, (mismiklum) einkum á seinni hluta tímabilsins.	2008-09-15	0,0149	2008-03304
<b>Sýni 4</b>	2008-09-14	2008-10-13	Veðurfar þessa tímabils bauð ekki upp á skilyrði til Fallryksöfnunar. Vika 38 var þó þurrviðrasóm, með hvassviðri og jarðefnafrúki, einkum 17 til 20 sept. Að öðru leyti var veður frekar votviðrasamt þetta tímabil og endaði í snjó og frosti.	2008-10-15	0,0176	2008-03709
			Mælingu 2008 hætt 13-10			

Annað

Til tryggingar m/v árstíma lét umsjónarmaður einn og hálfan skammt af vatni og efni í söfnunarboxin.

Smávægis vökvi í boxi.

Um miðbik tímabils bætt á 1/1 skammti vökva. Sá fyrri var uppgúfaður.

### Viðauki III

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

rahnjúkavirkjun  
stur frá Hálslóni  
fallryksmælur

2008  
Kofaalda á Vestur öræfum

#### Áfok 7

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing			
NR. 7	N: 64° 50, 876 V: 015° 49, 330	Staðsettur vestan í Kofaöldu á Vestur öræfum, gengt Kringilsá. Innan rannsóknargirðingar RALA. Umhverfi slétt og vel gróið.			

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	Annað
Uppsetn	2008-06-14		Hæggviðri, skjáð en úrkomulaust og frekar hlýtt. Veðurfar í vor (Maí-Júni) hefur verið mjög fremur rólegt hvað snertir vinda og úrkomu. Sl vetur var, einkum til fjalla mun snjópýngri en aðrir undanfarin 4-6 ár. Leysingar voru fremur hæggar á nýliðnu vori. Jörð er því allblaut enn (12 Júní) og víða snjófannir með meira möti í brekkum og fjöllum.				Til tryggingar m/v árstíma lét umsjónarmaður einn og hálfan skammt af vatni og efni í söfnunarboxin.
Sýni 1	2008-06-14	2008-07-13	Veðurfar þessa tímabils hefur verið mjög aðgerðarlaust. Vindar hafa verið mjög hægir. Úrkomur í nokkrum mæli og hitastig ekki hátt. Skilyrði til foks á jarðefnum hafa verið afar lítil.	2008-07-14	0,0253	2008-02449	Smávegis vökvi í boxi.
Sýni 2	2008-07-13	2008-08-13	Veðurfar frá 12 til 26 júlí hefur reynt mjög þurrkasamt og oftast vindur með, þó aldrei með miklum styrk. 25 og 26 júlí fór umsjónarmaður í eftirlitsferð á alla söfnunarstaðina. Vökvi reyndist hafa gufað upp að fullu úr öllum boxunum 14. Umsjónarmaður lét því fullan skammt af nýjum vökva í öll boxin. Frá 26/7 til 12/8 var veðurfar að mestu án vinda og úrkomu. Vökvi í boxum nánast allstaðar gufaður upp að nýju.	2008-08-14	0,0075	2008-02971	Um miðbik tímabils bætt á 1/1 skammti vökva. Sá fyrri var uppgufaður.
Sýni 3	2008-08-13	2008-09-14	Með smá undantekningum á fyrri helmingi tímabilsins, má segja að veðurlag hafi verið með þeim hætti að ekki fór mikið fyrir rykmengun í lofti. Vindar hægir, loft fremur hlýtt og oft með raka, (mismiklum) einkum á seinni hluta tímabilsins.	2008-09-15	0,0134	2008-03305	
Sýni 4	2008-09-14	2008-10-13	Veðurfar þessa tímabils bauð ekki upp á skilyrði til Fallryks söfnunar. Vika 38 var þó þurrviðrasóm, með hvassviðri og jarðefnaþjúki, einkum 17 til 20 sept. Að öðru leyti var veður frekar votviðrasamt þetta tímabil og endaði í snjó og frosti.	2008-10-15	0,0182	2008-03710	
			Mælingu 2008 hætt 13-10				

**Viðauki III**

Skráning umsjónarmanns með fallryksmælum á niðurstöðum mælinga ásamt umsögn hans um veðurfar

ahnjúkavirkjun  
túr frá Hálslóni  
allryksmælar

2008  
Sauðárdalur á Brúardólum

**Áfok 8**

Auðkenni	Staður (GPS)	Staðarlýsing				
<b>NR.8</b>	N: 64° 56, 010 V: 015° 53, 338	Nokkru ofan hæsta (525 m) lönsstæðis nokkuð vestur af Sauðádalstíflu. Umhverfi er sléttur hallandi, sæmilega gróinn melur. Landhalli að Hálslóni.				

Sýni	Tímabil: Frá	Til	Athugasemdir	Sýni send í vigtun:	Ryk í sýni Gr	Rf. No	
